

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um þróun á innlánnum einstaklinga í fjármálastofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið þróun á innlánnum einstaklinga í fjármálastofnunum frá árinu 2007, þ.e. hvernig hafa innlán einstaklinga dregist saman og þar með væntanlegir tekjustofnar ríkisins? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Upplýsingar um stöðu innlána heimila eru sóttar til Seðlabanka Íslands og tölur um fjármagnstekjuskatt einstaklinga til Hagstofu Íslands. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjármagnstekjuskatt einstaklinga fyrir tekjuárið 2011.

Tafla 1. Fjárhæð innlána heimila og fjármagnstekjuskattur af bankainnstæðum.

Ár	2007	2008	2009	2010	2011
Innlán heimila í millj. kr.	553.047	759.728	753.243	651.103	617.835
Breyting milli ára	30,7%	37,4%	-0,85%	-13,56%	-5,11%
Fjármagnstekjuskattur einstaklinga af bankainnstæðum í millj. kr.*	2.583	7.682	8.208	5.193	-
Breyting milli ára	36,8%	197,4%	6,8%	-36,7%	-

*Með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var í bráðabirgðaákvæði I kveðið á um hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 15%, að teknu tilliti til ákveðins frítekjumarks. Ákvæðið tók gildi 1. júlí 2009. Breytingin náði yfir tekjur á árinu 2010 með álagningu á árinu 2011. Hagstofan hefur því ekki upplýsingar um endanlega staðgreiðslu einstaklinga af fjármagnstekjuskatti af bankainnstæðum fyrir árið 2010. Þær upplýsingar munu skýrast með álagningu á árinu 2012. Vakin er athygli á því að lækkun skattsins milli árana 2009 og 2010 skýrist að hluta til af fjölda innstæðueigenda sem falla undir frítekjumörkin.